

FÉLAGSDÓMUR

Dómur þriðjudaginn 31. mars 2026.

Mál nr. 9/2025:

Stéttarfélag tölvunarfræðinga

(Halldór Kr. Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Gunnlaugur Úlfsson lögmaður)

Lykilorð

Kjarasamningur. Kjarasamningsgerð.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut einkum að því hvort skilyrðum í viðauka við gildandi kjarasamninga milli málsaðila hafi verið fullnægt, svo reikna bæri félagsfólki í stefnanda launatöfluauka, er taki gildi 1. september 2025, vegna viðmiðunartímabilsins frá desember 2023 til desember 2024. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að kröfur stefnanda ættu sér ekki stoð í kjarasamningi aðila þar sem að ekki væri fullnægt því skilyrði hans fyrir greiðslu launatöfluauka 1. september 2025, að fyrir lægi samþykktur kjarasamningur á viðmiðunartímabilinu desember 2023 til desember 2024. Þá gætu önnur ákvæði kjarasamnings aðila, eða sjónarmið um jafnræði og sanngirni, ekki heldur leitt til þess að fallast bæri viðurkenningarkröfu stefnanda. Var stefndi því sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda í málinu.

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 9. mars sl.

Málið dæma Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Ragnheiður Bragadóttir, Karl Ó. Karlsson og Inga Björg Hjaltadóttir.

Stefnandi er Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Engjateig 9 í Reykjavík.

Stefndi er Íslenska ríkið, Arnarhvoli í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að kjarasamningur hans við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs skuli túlkaður svo, að félagsmenn sem taki laun samkvæmt samningnum eigi rétt til uppgjörs launatöfluauka fyrir viðmiðunartímabilið desember 2023 til desember 2024, þannig að breytt launatafla eigi að hafa tekið gildi 1. september 2025.
- Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

Málavextir

- 4 Fyrri kjarasamningur stefnanda og stefnda rann út 31. mars 2024. Í kjölfarið hófust viðræður milli aðila, sem báru ekki árangur, og var viðræðum vísað til embættis ríkissáttasemjara í desember 2024. Viðræður og fundir héldu áfram til 11. júní 2025, þegar samkomulag náðist um breytingar og framlengingu á kjarasamningi og var kjarasamningurinn samþykktur af félagsfólki stefnanda með atkvæðagreiðslu sem lauk 19. júní 2025.
- 5 Í framangreindum kjarasamningi var í 1. gr. kveðið á um að gildandi kjarasamningur aðila framlengdist frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum sem samið var um 11. júní 2025. Í 2. gr. er kveðið á um launahækkningar á samningstímanum, sem kæmu til framkvæmda frá og með 1. apríl 2024. Í bókun 5 með kjarasamningnum er að finna umfjöllun um svokallaðan launatöfluauka. Þar segir:

Í viðauka með kjarasamningi þessum er samið um launatöfluauka fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028. Þar sem stéttarfélag tölvunarfræðinga er ekki hluti af heildarsamtökum og ekki er til sérstök mæling fyrir launavísitölu fyrir félagið þá eru aðilar sammála um að launatöfluauki, komi hann til framkvæmda samkvæmt forsendum viðaukans, verði sá sami og hjá félögum BHM á samningstímabilinu.

- 6 Í viðauka við samninginn er fjallað um launatöfluauka fyrir tímabilið 2024 til 2028. Þar segir meðal annars að launatöfluauka sé ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði, en honum sé ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarféлага eða starfsmanna.
- 7 Um útfærslu og uppgjör launatöfluauka segir í viðaukanum, að á gildistíma kjarasamningsins skuli í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum sé desember 2023. Þá skuli horft til þróunar tímakaups reglulegra launa á viðmiðunartímabilinu með vissum undantekningum. Síðan segir orðrétt:

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launtafla tæki gildi
desember 2023 - desember 2024	1. september 2025
desember 2023 – desember 2025	1. september 2026
desember 2023 – desember 2026	1. september 2027

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt ofangreindu.

8 Um forsendur launatöfluauka segir síðan í viðaukanum:

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjors launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

- 9 Samkvæmt viðaukanum tók til starfa nefnd um launatöfluauka, sem skipuð var fulltrúum frá heildarsamtökum launafólks, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stefnda íslenska ríkinu. Hlutverk nefndarinnar er að yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers viðmiðunartímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps starfsmanna, út frá tilteknum forsendum
- 10 Meiri hluti nefndar um launatöfluauka komst 25. ágúst 2025 að niðurstöðu um uppgjör launatöfluauka 1. september 2025. Í framlögðu skjali um þá niðurstöðu eru áréttáðar forsendur fyrir greiðslu launatöfluauka sem að framan greinir í viðauka kjarasamningsins. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að launatöfluauki ætti að virkja í kjarasamningum sem ríkið hefði gert við stéttarfélög innan BHM og BSRB sem uppfylltu áður nefndar forsendur. Tækju launatöflur viðkomandi stéttarfélaga breytingum 1. september 2025 samkvæmt töflu, sem þar væri gerð grein fyrir, en þess getið að launatöflur annarra félaga ættu ekki að breytast.
- 11 Engar breytingar urðu á launatöflum í kjarasamningi stefnanda við stefnda 1. september 2025. Ágreiningur varð milli aðila um rétt félagsfólks stefnanda til launatöfluauka 1. september 2025 og hafa tilraunir til að leysa þann ágreining ekki borið árangur.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 12 Stefnandi kveðst byggja kröfu á hendur stefnda á því að aðilar hafi samið sérstaklega með sér um launatöfluauka, sem skyldi koma til 1. september 2025 vegna tímabilsins desember 2023 til desember 2024. Launatöfluaukinn ætti að vera sá sami og hjá félagsmönnum í félögum BHM samkvæmt bókun 5 við kjarasamning aðila. Stefnandi bendir á að hafi stefndi ekki ætlað að greiða launatöfluauka vegna tímabilsins hefði legið beinast við að sleppa umfjöllun um launatöfluauka vegna tímabilsins desember 2023 til desember 2024 í samningi aðila, þar sem hann gæti þá ekki komið til álita. Fyrst það hafi ekki verið gert, þá hafi það gefið stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla að aðilar hafi samið með sér um launatöfluauka vegna tímabilsins.
- 13 Stefnandi kveðst byggja á að ákvæði samningsins séu sambærileg við aðra samninga sem stefndi hafi gert við félög háskólamenntaðra starfsmanna og að samningurinn hafi komið fullmótaður frá stefnda. Það standi því stefnda nær að samningurinn sé skýrt

orðaður og að allan óskýrleika verði að túlka honum í óhag, sbr. almenna túlkunar-reglu samningaréttar.

- 14 Stefnandi kveður augljóst að hann uppfylli uppgefin skilyrði í viðauka við kjarasamning, til uppgjörs á launatöfluauka 1. september 2025. Í samningnum séu sett þau skilyrði að „fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili“ og „að kjarasamningsbundnar hækkánir hafi verið greiddar út á því tímabili.“
- 15 Stefnandi uppfylli fyrri skilyrðið, það er að félagið sé með samþykktu kjarasamninga á viðmiðunartímabili. Aðilar hafi skrifað undir kjarasamninga sem gildi frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 og tekið við af fyrri samningum sem hafi runnið sitt skeið 31. mars 2024. Þar með sé stefnandi með samþykktu kjarasamninga á öllu viðmiðunartímabili viðkomandi launatöfluaukagreiðslu, það er desember 2023 til desember 2024.
- 16 Þá hafi félagsmenn stefnda, sem taki laun samkvæmt umræddum kjarasamningi, fengið greiddar kjarasamningsbundnar hækkánir á laun afturvirkir til apríl 2024. Launahækkunin hafi verið sambærileg við launahækkánir sem starfsmenn ríkis í öðrum stéttarfélögum hafi fengið við undirritun kjarasamninga, sbr. 2. gr. kjarasamnings.
- 17 Það verði að mati stefnanda ekki leitt af orðalaginu „fyrir liggi samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili“, að það hafi verið skilyrði launatöfluauka að kjarasamningar yrðu undirritaðir fyrir ákveðna dagsetningu. Þvert á móti hefðu aðilar ákveðið sérstaklega að semja með afturvirkum hætti, þannig að samþykktur kjarasamningur næði aftur til þess tíma, sem fyrri samningur hafi runnið sitt skeið. Ef ætlun stefnda hefði verið að undanskilja félagsmenn stefnanda, sem taki laun samkvæmt umræddum samningi, frá launatöfluauka, þá hefði honum verið í lófa lagið að taka það fram með skýrum hætti í kjarasamningi eða að minnsta kosti koma þeim skilningi á framfæri við samninganefnd stefnanda í aðdraganda undirritunar hans.
- 18 Þá bendir stefnandi á að það leiði af þeirri afstöðu stefnda, að útiloka félagsmenn stefnanda frá launatöfluauka, að starfsmönnum ríkis sé mismunað eftir stéttarfélagasáðild, jafnvel þótt kjarasamningar mismunandi stéttarfélaga séu eins orðaðir hvað þetta tiltekna atriði varði. Þetta brjóti gegn sjónarmiðum um jafnræði.
- 19 Stefnandi byggir á því að samkvæmt bókun 5 við kjarasamning um launatöfluauka hafi aðilar samið um að launatöfluauki, kæmi hann til framkvæmda samkvæmt forsendum, skyldi vera sá sami og hjá félögum BHM á samningstímabilinu. Félagsmenn stefnanda eigi þannig réttmætar væntingar til að fá sambærilega launaleiðréttingu og félagsmenn í félögum BHM sem taki laun samkvæmt samningi við stefnda.

- 20 Þá hafi samninganefnd stefnda lagt höfuðáherslu á að launahækkarnir samkvæmt kjarasamningi yrðu í samræmi við launatöfluauka, með þeim rökum að það þyrfti að samræma kjarasamninga ríkisins við stéttarfélög háskólamenntaðra starfsmanna. Það skyldi stefnt að því að allir samningar við félög háskólamenntaðra væru orðaðir með sambærilegum hætti og miðuðu við sömu launatöflu. Það að útiloka félagsmenn stefnanda frá launatöfluauka, sem hafi verið greiddur félagsmönnum í félögum BHM, gangi gegn þessum sjónarmiðum.
- 21 Stefnandi kveður enn fremur að það séu ekki málefnaleg rök til að útiloka félagsmenn frá því að njóta launatöfluauka, að vísa til þess að það hafi nokkur efnisleg áhrif á fjárhæð launatöfluauka hvenær samningar hafi verið undirritaðir. Í umfjöllun í viðauka við kjarasamning sé útskýrt hvernig samanburður við almennan vinnumarkað skuli fara fram. Þar sé því lýst hvernig samanburður eigi að fara fram á félagsmönnum heildarsamtaka sem starfi á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Stefnandi standi utan heildarsamtaka. Það hafi því engin töluleg áhrif á fjárhæð launatöfluauka til handa félagsmönnum stefnanda á hvaða tímapunkti samningar séu undirritaðir eða launahækkarnir komi til framkvæmda, öfugt við félög innan þeirra heildarsamtaka sem sé vísað til í viðaukanum.
- 22 Þetta hafi sömuleiðis komið fram í máli formanns samninganefndar ríkisins á fundi með samninganefndum í nóvember 2024. Þar sem tölulegir útreikningar launatöfluauka væru óháðir kjarasamningi stefnanda væri ekki lögð áhersla á að samningar yrðu undirritaðir fyrir desemberlok 2024. Þetta hafi verið skilningur aðila upp frá því, allt fram til þess að þeim var synjað um uppgjör launatöfluauka í lok september 2025.

Málsástæður og lagarök stefnda.

- 23 Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að forsendur launatöfluauka í kjarasamningi aðila 11. júní 2025 séu ekki uppfylltar í málinu, enda hafi hvorki legið fyrir samþykktur kjarasamningur á viðmiðunartímabilinu desember 2023 til desember 2024 né hafi kjarasamningsbundnar launahækkarnir komið til útgreiðslu á tímabilinu. Bæði skilyrðin þurfi að vera uppfyllt svo til launatöfluauka geti komið en hvorugu sé fyrir að fara.
- 24 Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og hafnar sem röngu og ósönnuðu að samið hafi verið um, eða því hafi verið lýst yfir, að stefnandi ætti rétt til launatöfluauka 1. september 2025.
- 25 Samkvæmt forsenduákvæði um launatöfluauka í viðauka við kjarasamning aðila, hafi forsenda þess að til uppgjörs kæmi 1. september 2025 verið að fyrir hafi legið samþykktur kjarasamningur á viðmiðunartímabilinu desember 2023 til desember 2024 og að kjarasamningsbundnar hækkarnir hefðu verið greiddar út á því tímabili. Áréttað sé að ekki komi til uppgjörs hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu innan viðmiðunartímabils.

- 26 Stefndi byggir á því að ekki eigi að leggja rýmri merkingu í innihald umrædds forsenduákvæðis en leiði af orðanna hljóðan og fái það meðal annars stoð í dómi Félagsdóms í máli nr. 17/2020. Af orðalagi ákvæðisins leiði að öllu skipti hvort samið hafi verið innan viðmiðunartímabilsins, það er fyrir lok árs 2024, og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á sama tímabili.
- 27 Stefndi hafnar þeim skilningi sem stefnandi leggi í umrætt ákvæði, að hann hafi öðlast rétt til launatöflauka þótt samið hafi verið utan viðmiðunartímabils. Slík túlkun rúmist að mati stefnda ekki innan ákvæðisins samkvæmt orðanna hljóðan. Þótt sá kjarasamningur, sem hafi verið samþykktur í júní 2025, hafi gilt afturvirkkt frá 1. apríl 2024 þá jafngildi það ekki því að samningurinn hafi verið samþykktur á umræddu viðmiðunartímabili. Því síður rúmist innan ákvæðisins sú túlkun stefnanda að afturvirkar launagreiðslur, sem hafi verið greiddar út á árinu 2025, geti talist uppfylla skilyrðið um „útgreiðslu innan viðmiðunartímabils desember 2023 - desember 2024“.
- 28 Hafa verði í huga að forsenda fyrir virkni launatöflauka sé meðal annars að stéttarfélag semji innan viðmiðunartímabils svo hægt sé að bera saman mælingar á launavísitölum milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins á marktækan og nothæfan hátt. Þar sem kjarasamningur stefnanda hafi náðst á árinu 2025, og kjarasamningsbundnar hækkanir greiddar út á því ári, geti komið til launatöflauka 1. september 2026.
- 29 Stefndi vísar til þess að í stefnu sé byggt á því að ekki hafi verið ástæða til að tilgreina umrætt viðmiðunartímabil hafi ekki verið ætlunin að greiða launatöflauka vegna þess tímabils. Stefndi hafnar röksemdum stefnanda að þessu leyti. Skírskotun viðaukans til þessa tímabils verði að meta í ljósi þess að um almennt orðaðan viðauka sé að ræða sem hafi verið samhljóða tekinn upp í kjarasamninga fjölda stéttarféлага, fyrst hjá Sameyki stéttarfélagi hinn 12. júní 2024. Geti þessi skírskotun ein og sér ekki leitt til þess að túlka beri viðaukann um launatöflauka með þeim hætti sem stefnandi byggir á.
- 30 Þá sé ljóst að öll viðmiðunartímabilin í viðaukanum miði við desember 2023 sem upphafstímamarkmið við útreikning á því hvort launatöflauki komi til álita og það sé hluti af virkni launatöflaukans að horft sé til þess hvernig launavísitölur hafa þróast frá desember 2023.
- 31 Stefndi hafnar því að forsenduákvæðið sé óskýrt og að sama skapi að túlka beri orðalag þess stefnda í óhag. Milli aðila hafi enginn aðstöðumunur verið sem réttlæti þá túlkun. Hafi stefnanda þótt orðalagið óskýrt hafi honum verið í lófa lagið að leita skýringa og eftir atvikum koma breytingartillögum á framfæri.
- 32 Því sé hafnað að það eigi að koma stefnanda á óvart að hann hafi ekki talist eiga rétt til launatöflauka hinn 1. september 2025, enda hafi það komið til tals og verið rætt í viðræðum aðila að kjarasamningsgerð þyrfti að vera lokið fyrir árslok 2024 svo launatöflauki gæti komið til álita.

- 33 Stefndi hafnar því sem greini í stefnu að í afstöðu stefnda felist ólögmæt mismunun á félagsfólki stéttarfélaga á grundvelli stéttarfélagsaðildar. Stefndi vísar til meginreglna um sjálfstæði stéttarfélaga og að þau ráði sjálf sínum málefnum með þeim takmörkunum sem leiði af lögum. Stéttarfélag hafi almennt forræði á því hvort, hvenær og hvernig það semji við viðsemjanda sinn og öfugt.
- 34 Það liggi í hlutarins eðli að launahækkarnir eða önnur tiltekin réttindi komi ekki til framkvæmda fyrr en hlutaðeigandi stéttarfélag hafi samið um það, og sú staðreynd að önnur stéttarfélög hafi samið fyrr eða með öðrum hætti, skapi ekki stefnanda sjálfstæðan rétt, nema um það hafi verið sérstaklega samið. Þar af leiðandi felist engin ólögmæt mismunun í því að eitt gildi um stéttarfélag, sem hafi samið um kjarasamning á árinu 2024, og annað um það stéttarfélag sem semji ári síðar.
- 35 Staðreyndin sé sú að þau aðildarfélög BHM sem hafi fengið launatöflauka 1. september 2025 hafi öll uppfyllt skilyrði forsenduákvæðis launatöflauka. Þau stéttarfélög sem ekki hafi gert það, þar á meðal stefnandi, hafi af þeim sökum ekki öðlast rétt til launatöflaukans. Í því felist ekki ólögmæt eða ósanngjörn mismunun heldur sé það afleiðing af því að stéttarfélög hafi samið á mismunandi tímum og með mismunandi hætti.
- 36 Stefndi kveðst byggja á því að það séu gild og málefnaleg rök, að sömu forsendur eigi að gilda um rétt stefnanda til launatöflauka og gildi um stéttarfélög sem séu í heildarsamtökum líkt og bókun 5 í kjarasamningi aðila byggja á. Þótt stefnandi standi utan heildarsamtaka, og hafi því sem slíkur ekki áhrif á útreikning fjárhæðar launatöflauka, hafi samt verið um það samið að sömu forsendur eigi við um stefnanda og félög BHM um rétt til launatöflauka. Skýra beri bókun 5 samkvæmt orðanna hljóðan og væri það beinlínis í andstöðu við það ákvæði og ósanngjarnt að umbuna stefnanda fyrir að standa utan heildarsamtaka með því að líta fram hjá tímamörkum viðmiðunartímabils og þannig veita honum ríkari rétt til launatöflauka en annars gildi.
- 37 Stefndi áréttar í þessu sambandi mótmæli sín við staðhæfingu í stefnu málsins, að formaður samninganefndar ríkisins hafi sagt að engu skipti um rétt stefnanda til launatöflauka þótt kjarasamningur hefði ekki verið undirritaður fyrir árslok 2024.

Niðurstaða

- 38 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi málsaðila, á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 39 Aðila greinir á um hvort skilyrðum í viðauka við gildandi kjarasamninga milli málsaðila sé fullnægt, svo reikna beri félagsfólki stefnanda launatöflauka, er taki gildi 1. september 2025, vegna viðmiðunartímabilsins frá desember 2023 til desember 2024.

- 40 Skilyrði þess að reikna beri út launatöfluauka samkvæmt viðaukanum eru tvíþætt, en gerð var grein fyrir þeim undir fyrirsögninni „Forsendur launatöfluauka“. Annars vegar varð að hafa legið fyrir samþykktur kjarasamningur á tilgreindu viðmiðunartímabili. Hins vegar urðu kjarasamningsbundnar hækkanir að hafa verið greiddar út á sama tímabili. Þessi tvö skilyrði voru síðan áréttuð og skýrð með þeim orðum að ekki kæmi til uppgjörs launatöfluauka hefðu samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.
- 41 Í stefnu er því haldið fram að báðum þessum skilyrðum sé fullnægt í tilviki stefnanda. Sú ályktun er rökstudd með því, að kjarasamningur aðila 11. júní 2025 hafi gilt frá 1. apríl 2024 og því kveðst stefnandi vera með „samþykktu kjarasamninga á öllu viðmiðunartímabili viðkomandi launatöfluaukagreiðslu“. Þá hafi félagsfólk stefnanda fengið greiddar kjarasamningsbundnar launahækkanir afturvirkir til apríl 2024 og því sé síðara skilyrðið einnig uppfyllt.
- 42 Ákvæði viðauka umræddra kjarasamninga ber að skýra samkvæmt orðanna hljóðan og í sem bestu samræmi við önnur ákvæði samningsins. Verður á þeim grunni að leggja til grundvallar að með skilyrði um samþykktan kjarasamning sé átt við að kjarasamningur hafi komist á fyrir lok viðmiðunartímabilsins milli samningsaðila þess kjarasamnings sem um ræðir, en viðmiðunartímabilið sem hér skiptir máli stóð frá desember 2023 til desember 2024. Þá verður að leggja þá merkingu í síðara skilyrðið að launahækkun á grunni þess samnings hafi verið greidd út á sama tímabili. Skilja verður skilyrðið þannig, að komið hafi til útborgunar launa á tímabilinu sem hafi tekið mið af umsaminni launahækkun.
- 43 Þar sem stefnandi og stefndi höfðu ekki náð saman um nýjan kjarasamning innan viðmiðunartímabilsins desember 2023 til desember 2024, eftir að gildistími eldri kjarasamnings rann út, og ekki hafði komið til útgreiðslu launahækkana á þeim tíma verður að líta svo á að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt fyrir greiðslu launatöfluauka vegna umrædds viðmiðunartímabils.
- 44 Upplýst er að fyrirmæli viðaukans um launatöfluauka voru almenn og sett, að því er best verður séð, óbreytt inn í kjarasamninga margra stéttarfélaga á opinberum vinnu- markaði á svipuðum tíma. Orðalag hans var því ekki sniðið sérstaklega að vinnudeilu málsaðila. Í viðaukanum var kveðið á um tiltekin, almenn skilyrði fyrir því að til greiðslu launatöfluauka kæmi ár hvert, eins og rakið hefur verið, sem giltu óháð niðurstöðu mælinga á þróun launakostnaðar milli almenna og opinbera vinnu- markaðarins. Hvorki er unnt að horfa fram hjá þeim skilyrðum, né leggja þann skilning í þau sem stefnandi kveður rétt að gera, með vísan til þess að í viðauka kjarasamnings málsaðila sé viðmiðunartímabilið desember 2023 til desember 2024 tilgreint og jafnframt tekið fram að leiði „niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu“ taki „breytt launatafla gildi“ á tilgreindum tíma.

- 45 Önnur ákvæði kjarasamningsins 11. júní 2025, þar með talið bókun 5 í samningnum, þar sem sérstaklega er vísað til forsendna viðaukans, geta heldur ekki leitt til þess að fallast beri á viðurkenningarkröfu stefnanda. Sama gildir um sjónarmið, sem stefnandi teflir fram um jafnræði og sanngirni. Verður í því sambandi að leggja áherslu á að stefnandi samþykkti samninginn með fyrrgreindum skilyrðum til greiðslu launatöfluauka, sem tilgreind voru undir fyrirsögninni „Forsendur launatöfluauka“, en þá lá fyrir að kjarasamningur hefði ekki verið samþykktur innan viðmiðunartímabilsins desember 2023 til desember 2024 og að ekki hefði komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinnar hækkunar á þeim tíma.
- 46 Þá liggur ekki fyrir að af hálfu stefnda hafi verið gefið munnlegt loforð um að vikið yrði frá skilyrðum viðaukans fyrir greiðslu launatöfluviðauka 1. september 2025.
- 47 Í þessu ljósi ber að sýkna stefnda af viðurkenningarkröfu stefnanda í málinu.
- 48 Eins og atvikum er háttað og með skírskotun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er rétt að hver málaðila beri sinn kostnað af rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags tölvunarfræðinga.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason

Björn L. Bergsson

Ragnheiður Bragadóttir

Karl Ó. Karlsson

Inga Björg Hjaltadóttir